

5. fundur Deltadeildar - Aðalfundur

Dagsetning: 1. júní 2022 kl. 17:30

Fundarstaður: Laxárþakki

Fundarefni: Aðalfundarstörf. Félagi kynnir sig. Hver er ég?

Fyrirlesari Guðlaug Margrét Sverrisdóttir

Orð til umhugsunar: Jónína Erna fráfarandi formaður

1. Fundarsetning.

Jónína Erna Arnardóttir formaður kveikti á kertunum og setti fund.

2. Orð til umhugsunar.

Formaðurinn flutti okkur hugleiðingar sínar við tímamót deildarinnar. Hún lýsti þakklæti sínu fyrir andrúmsloftið, sem þar ríkti, ósvikin vinátta með trausti og veljvilja. Það væri sama um hvað væri beðið, allir legðu fram krafta sína og kynnin við félag deildarinnar sem og félaga vítt og breitt um landið hefði gefið sér óendanlega mikið. Fyrir allt þetta sagðist Jónína nú vilja þakka sem og alt annað gott, sem starfið í Deltadeild hefði gefið sér.

3. Hver er ég?

Guðlaug Margrét Sverrisdóttir kynnti sjálfa sig með nokkrum orðum, en áður en að kynningunni kom, stóð hún fyrir óvæntum dagskrárlið, dansstund með félögunum. Það var nú ekki að spyrja að fjörinu og allar settust glaðar og hreyfanlegri í sæti sín aftur til að hlýða á forkinn opna kistilinn sinn.

Á líflegan hátt sagði hún okkur frá uppvaxtarárum pabbastelpunnar, sem naut þess að skottast með pabba og hafa gaman. Alla tíð hefur hún leitað gleðinnar í lífinu og hreyfingin hefur leikið stórt hlutverk á lífsgöngunni. Eins og félagar deildarinnar höfum svo oft notið, er alltaf stutt í leik og grín með Gullu og greinilegt var á frásögn hennar að fjölskyldan reiknar með því að hún hafi forgöngu um slíkt þegar fjölskyldan kemur saman – og vinahópar. Deltafélagar hlustuðu af athygli á Gullu segja frá og lyfta tjöldunum frá lífsmynstrinu. Ánægjulegur dagskrárliður.

4. Aðalfundarstörf:

- a. Kosning fundarstjóra. Jónína Erna tilnefndi Theodóru Þorsteinsdóttur. Samþykkt.
- b. Kosning fundarritara. Tilnefnd var Jónína Eiríksdóttir. Samþykkt.
- c. Skýrsla stjórnar. Jónína Erna flutti skýrsluna, sem hér er birt óstytt:

Stjórnin okkar tók við undir nokkur óvenjulegum kringumstæðum. Við náðum þó góðum fundi í Reykholti með fráfarandi stjórn í ágúst 2020. Og vorum þá hóflega bjartsýnar á framhaldið. Eins og við þurftum að vera oft síðan. Stjórnarfundir voru ekki margir á tímabilinu þó náðum við að halda stjórnarfund þarna um haustið og ákveða dagskrá vetrarins eftir bestu getu. Það endaði þó með því að fyrsti fundurinn Delta þarna í

septemberlok varð Zoom-fundur og var Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir formaður DKG gestur fundarins, en einnig ræddum við á þessum fundi, fjölmiðlalæsi og falsfréttir í kjölfar fyrirlestrar sem við höfðum horft á á netinu sem átti nú reyndar upphaflega að vera á ráðstefnunni sem við vorum að skipuleggja í Borgarnesi en ekki varð af. Elva Ýr Gylfadóttir framkvæmdastýra fjölmiðlanefndar flutti þennan áhugaverða fyrirlestur. Það voru finar umræður og fundurinn gekk vel þrátt fyrir þetta nýja fundarform. Annar fundur starfsársins fór svo á sama veg, það var jólafundur-þar kynnti Valgerður Janusdóttir ritari og sviðsstjóri Skóla-og frístundasviðs á Akranesi, það fjölbreytta starf sem hún sinnir og hvað var þá í pípunum á Akranesi. Mjög áhugavert. Einnig völdum við bækurnar og höfðum smá jólastund. Þetta tókst sömuleiðis bara vel og myndaðist hátíðleg stemmning. Við höfðum líka náð að heyra í öllum félögunum okkar og tókum stöðuna á líðan kvenna á þessum skrítnu tímum. Fyrsti fundur ársins 2021 varð sömuleiðis Zoom-fundur og vorum við að verða nokkuð sjóðar í þessu fyrirkomulagi. Sigrún Elíasdóttir, langspil eins og hún kallar sig var gestur og fræddi okkur um hlaðvarp sem hún heldur úti og var það mjög áhugavert. Hún er einnig rithöfundur. Eftir hennar innlegg ræddum við svo bækurnar sem við lásum og sköpuðust mjög áhugaverðar umræður um bækurnar.

17. mars var svo loksins komið að venjulegum fundi og var hann haldinn á Breiðinni á Akranesi. Mjög gaman að koma þangað og fá að sjá og heyra allt það frábæra starf sem þar er í uppbyggingu og verður spennandi að fylgjast áfram með því. Gísli Gíslason tók vel á mót okkur og fengum við góðan mat frá Galito. Konur voru eðlilega líka glaðar að geta hist, þótt við gættum auðvitað að öllum sóttvörnum. Og þarna fékk undirrituð loks afhentan „kassann“ með gögnum og kertum og kveikti á kertunum í fyrsta sinn. Og formleg stjórnarskipti gátu loks farið fram. -en þarna er næstum ár síðan nýja stjórnin tók við! Síðasti fundur vorsins 2021 var svo 2. Júní í Reykholti og bauð Dagný Emilsdóttir okkur til sín í nýtt hús sem þau hjón hafa reist af myndarskap í Reykholti. Á þessum fundi var sömuleiðis haldið áfram með formlegheit sem ekki hafði náðst að gera -eins og skýrsla fyrri stjórnar og ársreikningar. Að auki voru vefaranir okkar að kynna allt það góða og mikilvæga starf sem þær vinna. Þarna vorum við þó að verða nokkuð bjartsýnar vegna þess að allir voru að fá bólusetningu og við höldum eins og oft áður að nú sæjum við fram á eðlilegt líf og fórum bjartsýnar inn í sumarið.

Stjórnin fundaði og ákvað dagskrá að mestu leyti haustið 2021 og við byrjuðum af krafti með fundi 29. september þar sem við heimsóttum Helenu Guttormsdóttur á heimili hennar sem er jafnframt vinnustofa og sýningarrými og hún leiddi okkur um listasögu sína og forfeðra sinna, mjög áhugavert. Eftir það fórum við í Tónlistarskólann á Akranesi og höldum venjulegan fund og borðuðum góðan mat. 27. október fórum við svo í heimsókn í Mixtúru í Reykjavík og var það mjög áhugaverð og spennandi kynning og kveikti virkilega alls kyns áhuga og spurningar hjá okkur. Eftir fund fórum við á Spíruna þar sem við fengum að borða og höldum góðan fund-þrátt fyrir að vera ekki alveg út af fyrir okkur. Svo fór nú aldeilis að síga á ógæfuhliðina varðandi smittölur og enn á ný tóku við miklar takmarkanir og jólafundinum okkar sem fyrirhugaður var hjá Sjöfn í Hnoðrabóli, var aflýst og þegar þarna var komið við sögu þá vorum við ekki spenntar fyrir Zoom-fundi og ákváðum að bíða bara og sjá hvað myndi gerast. Þó var ákveðið að taka fyrir bók fyrir fyrsta fund eftir áramót. Það losnaði um takmarkanir og við ákváðum að hittast 16. febrúar og vorum í Reykholti hjá Jónínu Eiríks, fyrst að skoða Varaeintakasafn Landsbókasafns-sem er hennar vinnustaður og svo heima hjá henni þar sem hún bauð upp á dýrindis veitingar og Eva Björg Ægisdóttir fjallaði um nýjustu bókina sína, sem við höfðum lesið og sagði einnig frá hvernig það er að vera rithöfundur. Mjög áhugavert.

Síðasti fundur starfsársins (fyrir utan þennan) var svo haldinn á Grjótinu Akranesi í mars. Þar komu Anney Ágústsdóttir og Vera Knútsdóttir og kynntu fyrir okkur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem eru mjög flott tæki sem hægt er að nýta sér á ýmsan hátt. Á þessum fundi tókum við einnig inn tvær nýjar konur í Delta, Ingu Dóru Halldórsdóttur og Gunnhildi Björnsdóttur, það var mjög ánægjulegt!

Við fórum svo líka einar sex á vorráðstefnuna á Grand-hótel 7. maí s.l. og þar var gaman að hitta aðrar konur og heyra áhugaverða fyrirlestra.

Þessi tvö ár hafa líka margar konur gefið mikið af sér með því að taka að sér að vera með orð til umhugsunar og segja frá sjálfum sér. Það eru mjög skemmtilegir liðir og gaman hvað við erum fjölbreyttur og flottur hópur (þótt ég segi sjálf frá). Takk allar fyrir frábært samstarf og í raun höfum við náð að halda úti ótrúlega öflugum starfi þessi síðastliðin tvö ár. Til hamingju með það og þakkar fráfarandi formaður og stjórn-- ykkur öllum fyrir að það tókst!

Jónína Erna Arnardóttir.

d. Skýrsla gjaldkera og ársreikningur

Sóley gjaldkeri var ekki mætt en reikningar voru lagðir fram og samþykktir. Þá samþykkti fundurinn tillögu Sóleyjar Sigþórsdóttur að greiða úr sjóði árgjald fyrir Gyðu Bergþórsdóttur heiðursfélaga, sem nú dvelur á hjúkrunarheimili á Akranesi. Um leið kom fram sú hugmynd að einhver næstu funda verði haldinn þar til að auðvelda henni þátttöku.

Þá var einnig samþykkt að deildin greiddi þátttöku þeirra, sem færu á fundi og þing á vegum landssamtakanna – eftir því sem fjárhagur leyfði.

e. Kosning nýrrar stjórnar og skoðunarmanna reikninga

Uppstillingarnefnd gerði grein fyrir tillögum sínum að nýrri stjórn. Jónína Eiríksdóttir las upp tillögur nefndarinnar:

Uppstilling til stjórnarkjörs Deltadeildar gerir svofellda tillögu að stjórn Deltadeildar næsta kjörtímabil, 2022-2024:

Formaður, Halldóra Jónsdóttir, félagi 1998. Sat í stjórn 2008-2012 og 2020-2022

Fyrsti varaformaður, Elísabet Jóhannesdóttir, félagi 1998. Sat í stjórn 2006-2012, 2020-2022 og var formaður 2010-2012

Meðstjórnandi (annar varaformaður), Valgerður Janusdóttir, félagið 2018, kom úr Lambdadeild. Sat í stjórn 2020-2022

Ritari, Sigurveig Sigurðardóttir, félagi 1997. Var formaður 2006-2008

Gjaldkeri er valinn af framkvæmdaráði (stjón og fráfarandi formanni).

Fráfarandi formaður, Jónína Erna Arnardóttir, félagi 2012. Sat í stjórn 2018-2020 og var formaður 2020-2022.

Tillagan er lögð fram í samráði við og með samþykki viðkomandi félagskvenna. Með ósk um velfarnaði í starfi, Jónína Eiríksdóttir, Dagný Emilsdóttir og Þórunn Reykdal.

Stjórnin var kjörin með lófaklappi viðstaddra.

Þá var einnig lagt til að **skoðunarmenn reikninga** yrðu áfram Brynja Helgadóttir og Guðlaug Sverrisdóttir. Samþykkt með lófataki.

f. Árgjald.

Stjórnin lagði til að árgjald yrði óbreytt og það var samþykkt.

g. Önnur mál.

Halldóra Jónsdóttir, nýr formaður, þakkaði traustið og sagðist líta björtum augum til framtíðarinnar. Sömuleiðis þakkaði fráfarandi formaður fyrir liðinn tíma og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Gamla stjórnin fékk rósir í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf. Mynd var tekin, en bíða verður með myndatöku og rósaafhendingu þar til öll nýja stjórnin verður öll saman komin. Einnig þarf að endurtaka myndatöku af fráfarandi stjórn (Gæðin reyndust afleit).

5. Fundarslit.

Formaður sleit formlegum fundi og slökkti á kertum.

Kvöldverður var þá borinn fram af staðarhöldurum á Laxárbakka. Ljúffengur kjúkklingaréttur og eftirréttur. Allt dásamlega gott.

Seldir voru happdrættismiðar að venju og vinninginn fékk Þórunn Reykdal, dýrindis armband.

Að svo búnu héldu konur heim til sín og fengu í skilnaðargjöf frá fráfarandi formanni smjörsalatplöntu. Með fyrirheit um að hugsa vel um hana og njóta afurðanna, skildu leiðir út í sumarið.

Ritari Jónína Eiríksdóttir